



ÍSAFJARÐARBÆR

Hafnarstræti 1 | 400 Ísafjörður
www.isafjordur.is | 430 8000

Birkir Þór Guðmundsson
Hraun 2 Ingjaldssandi
426

Ísafjörður, 16. febrúar 2021
2021020049

Efni: Umsögn vegna vatnsveitu

Vísað er til erindis Birkis Þórs Guðmundssonar í bréfi dagsettu 7. febrúar sl., þar sem umsagnar Ísafjarðarbæjar er óskað vegna fyrirhugaðrar vatnsveitu á jörðinni Hóll á Hvilftarströnd í Önundarfirði.

Erindið var tekið fyrir á fundi skipulags- og mannvirkjanefndar á fundi sínum þann 10. febrúar sl. þar sem eftirfarandi var bókað.

Hóll á Hvilftarströnd - vatnsveita - 2021020049

Birkir Þór Guðmundsson og Kristín Björg Albertsdóttir, eigendur að Hóli Hvilftarströnd, óska eftir að umsögn bæjarstjórnar um að skilyrði 1. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 180/2016 séu uppfyllt.

Skipulags- og mannvirkjanefnd felur skipulagsfulltrúa að vinna umsögn og leggja fyrir bæjarstjórn.

Lögbýlið Hóll á Hvilftarströnd lnr. 2126295 fyrirhugað bæjarstæði Hóls stendur um 3 km. frá þéttbýli Flateyrar og ekki innan veitukerfis sveitafélagsins.

Kostnaður við að plægja lögn að Hóli er 7989 kr/m með skurðgrefti og að fleyga klöpp heildarkostnaður við vatnslögn frá Flateyri getur numið allt að 24 miljónum. Að þessu sögðu er talið hagkvæmara að sett verði upp staðbundin vatnsveita fyrir lögbýlið.

Virðingarfyllst,

Axel Rodríguez Overby
- sviðsstjóri umhverfis- og eignasviðs -
